



E 9/2018

Fyrirspyrjandi Norræn vinstri græn
Til Ríkisstjórn Norðurlanda

Til ríkisstjórn Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn
um hertar samnorrænar aðgerðir til baráttu gegn skattaskjólum,
skattsvikum, skattaskipulagningu og skaðlegri skattasamkeppni**

Vorið 2016 voru birtar upplýsingar um eignarhald í aflandsfyrirtækjum í skattaskjólum, en þar kom fram að þessi fyrirtæki eru í eigu lögaðila um heim allan. Upplýsingarnar komu frá alþjóðafyrirtækinu Mossack Fonseca & Co., sem er með aðalstöðvar sínar í Miðameríkuríkinu Panama. Í þessu sambandi er iðulega notast við skilgreiningarnar Panama-skjölin eða Panama-lekinn þegar vísað er til þessara upplýsinga.

Upplýsingarnar tengjast meðal annars norrænum borgurum og fyrirtækjum og þar sem næsta víst er að fleiri fyrirtæki en Mossack Fonseca & Co. stunda sambærilega starfsemi, er full ástæða til að ætla að þó að Panama-skjölin gefi til kynna að aflandsfyrirtæki séu í eigu norrænna lögaðila í miklum mæli, þá gefa þau bara takmarkaða hugmynd um hugsanlegan heildarfjölda. Panama-skjölin upplýsa meðal annars um aflandsfyrirtæki sem eru í eigu norrænna banka, fyrirtækja á ólíkum starfssviðum og stjórnámálanna. Þetta hefur að sjálfsögðu gefið tilefni til víðtækrar og fjölbreytilegrar samfélagsumræðu um hlutverk og starfsemi skattaskjólanna og aflandsfélaganna með tilliti til skattheimtu, stefnu í ríkisfjármálum, samfélagslegs hlutverks og áhrifa kapítalista á samfélög sín og umhverfi, sem og áhrif skattaskjólanna á rekstrarskipulag fyrirtækjanna, svo bara séu nefnd nokkur umræðuefni. Í þessu ljósi er samfélagslega afar mikilvægt að Norðurlandaráð taki vandamálið til umræðu.

Sú starfsemi sem fer fram í skattaskjólum, skattsvik og skattaskipulagning, gengur á tekjulindir ríkisins í þeim ríkjum sem fjármagn er fært úr. Skerðing tekna dregur úr framkvæmdagetu ríkis og sveitarfélaga og möguleika stjórnámálanna á að móta og framkvæma áætlanir um varðveislu velferðarkerfisins og eflingu, ásamt uppbyggingu og viðhaldi innviða samfélagsins, sem yfirvöldum ber skylda til að sjá um. Skattaskjól stuðla þannig að því að grafa undan velferð og þróun þeirra samfélaga sem starfsemi þeirra bitnar á og gera yfirvöldum og borgurum erfiðara fyrir að fylgja settri stefnu.

Það eru einkum alþjóðlegar samsteypur, sem reka starfsemi sína í mörgum ríkjum



með ólíkum reglum og skattstigum, sem hagnast á að nota skattaskjól og skattasamkeppni. Lítil fyrirtæki, sem starfa innan landamæra ríkja sinna, hafa almennt séð miklu minni möguleika á að takmarka eða gefa haldlausar upplýsingar um skattstofn sinn. Þessi staðreynd sýnir að sjálfsögðu samkeppnisstöðu fyrirtækjanna og gefur hluthöfum í alþjóðlegu samsteypunum forskot á hluthafa í heimalöndunum með tilliti til möguleika þeirra á að auka tekjur sínar.

Skattaskjól virka sem skjól fyrir hina ríku – fyrir erlenda auðmenn og samsteypur. Fólk með venjulegar launatekjur hefur ekki eftir neinu að slægjast í skattaskjólum og þar er ekki hægt að finna eignir þess. Einungis þeir sem álíta sig hæfa eða þar til bæra að komast undan skyldu sinni til að leggja sitt af mörkum í sameiginleg verkefni samfélagsins fela eignir sínar í skattaskjólum.

Skattheimta og greiðsla skatta eru meðal forsendna þess að ríki geti verið til og ríkisvaldið haldið velli og innheimta skatta hefur því einkennt siðmenntuð samfélög frá örófi alda. Í lýðræðissamfélögum hafa kjósendur lokaorðið um umfang skatta og nýtingu þeirra. Innheimta skatta og ráðstöfun þeirra á sér stað í krafti þess valds sem kjósendur hafa falið lýðræðislega kjörnum fulltrúum. Skatta er bara hægt að innheimta í samræmi við lög. Skattaskipulagning felur því alltaf í sér lögbrot þar sem skuldbindingar þær sem samfélagið hefur lagt á herðar skattgreiðandans eru sniðgengnar á óréttmætan hátt.

Skattaskjól eru svo sannarlega ekki ný af nálinni, þau hafa þvert á móti einkennt alþjóðleg efnahagsmál um langa hríð, en umfang þeirra hefur aukist gríðarlega á síðastliðnum áratugum í takti við þá hnattvæðingu sem hefur átt sér stað í fjármálum og efnahagsmálum. Alþjóðlegar risasamsteypur hika ekki við að fela eignir sínar í skattaskjólum og hið sama gerir stór hópur erlendra kapítalista. Í kjölfar þessa hafa þessi skúmaskot fjármagnsmarkaðarins vaxið mjög mikið upp á síðkastið. Svo sannarlega hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til þess að berjast gegn skattaskjólum og óheillavænum afleiðingum þeirra, meðal annars af hálfu einstakra ríkja og alþjóðastofnana, þar á meðal Norrænu ráðherranefndarinnar og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu – OECD. Á blaðsíðu 23 í riti OECD frá árinu 1998 *Harmful Tax Competition: An Emerging Global Issue* er skilgreining í fjórum liðum á skattaskjólum, sem oft er notast við. Meðal helstu einkenna á skattaskjólum er skortur á upplýsingum um eignarhald, sem meðal annars birtist í því að ekki er gerð krafa um ársreikninga eða ársskýrslu. Þessi skortur á upplýsingum auðveldar að sjálfsögðu skattsvik og hann auðveldar glæpamönnum, sem hafa illa fengið fé undir höndum, sem aflað hefur verið með ólöglegri starfsemi af einum eða öðrum toga, að fela hagnað sinn.

Af þessum sökum er hagnaður af ólöglegri starfsemi eins og hórmingi, vændi, eiturlyfjasölu og mansali gjarnan geymdur í skattaskjólum.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:



- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að herða verulega sameiginlegar aðgerðir ríkjanna og hugsanlega koma á nýjum til að vinna gegn skattaskjólum með það fyrir augum að útrýma þeim?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að taka að sér forystuhlutverk í alþjóðlegri baráttu gegn skattaskjólum, til dæmis innan OECD, ESB og SP og virkja viðeigandi alþjóðlega aðila á þessu sviði?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að íhuga að skilgreina stofnun og rekstur eignarhaldsfélaga í skattaskjólum sem efnahagsbrot og setja viðeigandi refsíákvæði við þeim?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að efla verulega núverandi varnir gegn skattaskipulagningu og skattsvikum og svartri vinnu, bæta gagnsæi reglna og upplýsingaaðgengi og auka og bæta dreifingu upplýsinga til almennings?

Stokkhólmi, 23. janúar 2018

Christian Juhl (EL)

Christian Poll (ALT)

Håkan Svenneling (V)

Kelly Berthelsen (IA)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Paavo Arhinmäki (vänt)

Pauli Trond Petersen (T)

Solfrid Lerbrekk (SV)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)